

## Fyrirspurn

til umhverfísráðherra um losun gróðurhúslofttegunda frá stóriðju.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað má ætla að útstreymi koldíoxíðs, umfram útstreymi í Straumsvík og á Grundartanga árið 1990, verði mikið
  - a. frá álverinu á Grundartanga miðað við 260 þús. tonna framleiðslu á ári annars vegar en 300 þús. tonna hins vegar (þar af 88 þús. tonn fyrir 1990),
  - b. frá álverinu í Reyðarfirði miðað við 346 þús. tonn á ári,
  - c. frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga miðað við 114 þús. tonn á ári (þar af 72 þús. tonn fyrir 1990),
  - d. frá álverinu í Straumsvík miðað við 460 þús. tonn á ári (þar af 88 þús. tonn fyrir 1990),
  - e. samtals miðað við fyrrnefndar framleiðslutölur?
2. Hvert er leyfilegt árlegt hámark fyrir Ísland samkvæmt ákvörðun 14/CP.7 („íslenska ákvæðinu“) í tengslum við Kyoto-bókunina?
3. Hversu mikil yrði losun annarra gróðurhúslofttegunda en koldíoxíðs frá þessum stóriðjuverum miðað við fyrrgreinda framleiðslu?
4. Hvert er áætlað útstreymi gróðurhúslofttegunda á Íslandi árlega tímabilið 2008–2012 í CO<sub>2</sub>-ígildum
  - a. frá öðrum uppsprettum en stóriðju,
  - b. frá stóriðju sem hafin var fyrir árið 1990?Er rúm fyrir útstreymi koldíoxíðs frá nýrri stóriðju í almennu Kyoto-heimildinni samkvæmt þeirri áætlun?

**Skriflegt svar óskast.**